# Íþróttastefna

Inngangur ráðherra

1 Skipulag, starfsemi og umgjörð íþróttahreyfingarinnar

2 Íþróttir barna og ungmenna í skólastarfi

3 Þátttaka barna og ungmenna í íþróttastarfi

4 Menntun og rannsóknir

5 Keppnis- og afreksíþróttir

6 Almenningsíþróttir

7 Íþróttamannvirki

8 Heilindi og öryggi í íþróttum

Um íþróttastefnuna



**Stjórnarráð Íslands**
Mennta- og barnamálaráðuneytið

Þegar mótuð er stefna í íþróttamálum skiptir máli að hafa í huga að þá erum við að tala um fólk og samfélag. Við erum að tala um börnin okkar, líðan þeirra, þátttöku þeirra í samfélaginu og rétt þeirra til að tilheyra skipulögðu félagsstarfi. Og við erum að tala um fullorðna á öllum aldri og möguleika þeirra á þátttöku í íþróttum og félagsstarfi út lífið.

Sú stefna í íþróttamálum sem nú er lögð fram, endurskoðuð og sameiginlega mótuð af ríki, sveitarfélögum og íþróttahreyfingunni, er miklu meira en tæknilegt skjal um skipulag og ábyrgð. Stefnan þarf að endurspegla þá samfélagssýn að íþróttastarf sé ein af mikilvægustu stoðum velferðar barna og ungmenna í landinu ásamt því að vera órjúfanlegur hluti af lífi fjölmargra fullorðinna einstaklinga.

Það er vissulega mikilvægt að efla hreyfingu, lýðheilsu og heilbrigðan lífsstíl. En íþróttastarf er svo miklu meira en það. Fyrir fjölda barna og ungmenna er þátttaka í skipulögðu starfi einnig leið til að eignast vini, finna tilgang, byggja upp sjálfstraust og upplifa að þau skipti máli. Fyrir sum börn er æfingin, hópurinn og samveran jafnvel það sem rýfur félagslega einangrun, veitir festu í lífinu og skapar öryggi sem þau fá kannski ekki annars staðar.

> „Í gegnum íþróttastarf fær barn ekki einungis hreyfingu heldur einnig tækifæri til að vera með, tilheyra hópi og taka þátt á eigin forsendum í skipulögðu starfi. Barnið fær að upplifa tengsl og samfélag.“

Í gegnum íþróttastarf fær barn ekki einungis hreyfingu heldur einnig tækifæri til að vera með, tilheyra hópi og taka þátt á eigin forsendum í skipulögðu starfi. Barnið fær að upplifa tengsl og samfélag. Og það skiptir öllu máli á tímum þar sem við vitum að einmanaleiki, kvíði og félagsleg einangrun eru raunverulegar áskoranir í lífi margra barna og ungmenna.

Það grundvallarsjónarmið að almennt íþróttastarf utan skóla sé skipulagt af frjálsum félagasamtökum er mikilvægt og hefur reynst vel. Þar gegna ÍSÍ, UMFÍ, sérsambönd, íþróttahéruð, íþróttafélög og deildir um land allt lykilhlutverki. Á bak við þetta öfluga starf standa sjálfboðaliðar, þjálfarar, foreldrar og fagfólk sem leggja sitt af mörkum af metnaði og elju. Þetta er gríðarlega verðmætt samfélagslegt afl.

En einmitt vegna þess hve mikilvægt þetta afl er, þarf íþróttahreyfingin líka að vera tilbúin að þróast með samfélaginu. Hún þarf að vera opin, sveigjanleg og reiðubúin að mæta börnum þar sem þau eru stödd. Ekki öll börn finna sig í hefðbundnum íþróttagreinum. Sum börn leita annarra leiða til virkni, samveru og þátttöku. Það breytir því ekki að þörfin fyrir að tilheyra er sú sama.

Þess vegna er mikilvægt að hvetja íþróttahreyfinguna til að hugsa stærra og útvíkka skilgreiningar sínar á því hvað telst til íþróttastarfs. Slík umræða þarf að vera opin og fordómalaus. Þar má til dæmis horfa til rafíþrótta og annars sambærilegs starfs sem getur skapað vettvang fyrir börn og ungmenni sem ella stæðu utan hefðbundinna íþrótta. Ef starfsemi stuðlar að virkni, félagslegri tengingu, þátttöku og bættri líðan barna, þá eigum við að taka utan um hana innan okkar starfs.

Styrkur íþróttahreyfingarinnar felst ekki aðeins í mannvirkjum, skipulagi og reynslu. Hann felst líka í þeirri getu að byggja upp samfélag, mynda tengsl og skapa umgjörð utan um börn og ungmenni sem þurfa á því að halda.

**Í íþróttastarfi eiga allir að hafa jöfn tækifæri til þátttöku. Slíkt má aldrei vera einungis falleg setning í stefnu. Samfélag sem skilur raunverulegt gildi íþrótta áttar sig á að þar er ekki aðeins verið að fjárfesta í íþróttaiðkun heldur í mannlegri reisn, félagslegri þátttöku og velferð komandi kynslóða.**

Inga Sæland, mennta- og barnamálaráðherra



Aftur á forsíðu

1

# Skipulag, starfsemi og umgjörð íþróttahreyfingarinnar

Íþróttahreyfingin gegnir afar mikilvægu hlutverki í íslensku samfélagi. Hún hefur ótvírætt forvarnargildi og stuðlar að bættri lýðheilsu á margvíslegan hátt. Til að tryggja sterkan grunn, gott skipulag og faglega umgjörð íþróttastarfsins er samstarf ríkis, sveitarfélaga og íþróttahreyfingarinnar lykilatriði. Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands (ÍSÍ) er æðsti aðili frjálsrar íþróttastarfsemi í landinu og í erlendum samskiptum íþróttahreyfingarinnar. Ungmennafélag Íslands (UMFÍ) eru sjálfstæð félagasamtök á sviði íþrótta. Ríkið styður við starfsemina á landsvísu á meðan sveitarfélög sinna stuðningi í nærumhverfi íþróttafélaga.

Samfélagsbreytingar síðustu ára hafa haft áhrif á starfsemi íþróttahreyfingarinnar og hlutverk einstakra eininga hefur þróast í takt við auknar kröfur um þjónustu, fagmennsku og árangur. Því er mikilvægt að reglulega sé endurmetið hvernig starfsemin er skipulögð og hvernig hlutverk hennar eru skilgreind. Samstarf ÍSÍ og UMFÍ hefur sjaldan verið jafn mikið og nú og stofnun nýrra svæðisstöðva íþróttahéraða hefur styrkt íþróttastarf um land allt. Áfram þarf þó að þróa og skerpa á verkefnum, skipulagi og fjölda íþróttahéraða.

Stefna stjórnvalda á sviði íþrótta byggir meðal annars á íþróttasáttmála Evrópu sem gefinn er út af Evrópuráðinu. Lykilatriði er að aðstæður til íþróttaiðkunar og skipulag íþróttastarfs á Íslandi þróist stöðugt og að framtíðarsýnin sé skýr: að sem flestir hafi tækifæri til að stunda íþróttir á eigin forsendum, hvort sem er til ánægju, heilsueflingar eða afreksárangurs. Þá skulu ríki og sveitarfélög, í samvinnu við íþróttahreyfinguna, tryggja öryggi allra sem taka þátt í starfinu – bæði sjálfboðaliða og launaða starfsmenn. Aukin þátttaka landsmanna í íþróttastarfi, hvort heldur í keppnis- eða almenningsíþróttum, kallar á áframhaldandi og sameiginlega ábyrgð ríkis, sveitarfélaga og atvinnulífs. Samstarf þessara aðila tryggir að íþróttastarf á Íslandi haldi áfram að vera sterkt, faglegt og aðlaðandi fyrir alla aldurshópa.

### Markmið 1

Starfsgrundvöllur og umgjörð íþróttasamtaka og íþróttafélaga og samspil við ríki og sveitarfélög verði efldur og rýndur enn frekar til gagns.

### Aðgerðir

1. Íþróttalög verði endurskoðuð og uppfærð í takt við þarfir nútíma samfélags.
2. Mennta- og barnamálaráðuneyti og sveitarfélög  geri vel skilgreinda langtímasamninga við íþróttahreyfinguna um meginþætti starfsins og fjármögnun.

### Markmið 2

ÍSÍ og UMFÍ skilgreini hlutverk íþróttahéraða að nýju og meti starfsemi þeirra með það að leiðarljósi að efla íþróttastarf í öllum landshlutum.

### Aðgerð

ÍSÍ og UMFÍ haldi áfram innleiðingu svæðisstöðva íþróttahéraða og þrói starf þeirra frekar.



Aftur á forsíðu

# 1

„Lykilatriði er að aðstæður til íþróttaiðkunar og skipulag íþróttastarfs á Íslandi þróist stöðugt og að framtíðarsýnin sé skýr: að sem flestir hafi tækifæri til að stunda íþróttir á eigin forsendum, hvort sem er til ánægju, heilsueflingar eða afreksárangurs. Þá skulu ríki og sveitarfélög, í samvinnu við íþróttahreyfinguna, tryggja öryggi allra sem taka þátt í starfinu – bæði sjálfboðaliða og launaða starfsmenn.“

### Markmið 3

Samstarf og samhæfing allrar starfsemi og verkefna ÍSÍ og UMFÍ verði skoðað heildrænt.

### Aðgerð

ÍSÍ og UMFÍ vinni sameiginlega að heildstæðri stefnumótun fyrir íþróttahreyfinguna og geri á grundvelli hennar tillögur um næstu skref í samráði við mennta- og barnamálaráðuneyti.

### Markmið 4

Fleiri ráðuneyti og stofnanir, eftir því sem við á, komi að málaflokki íþrótta í ljósi þess að hér er m.a. um að ræða forvarnarmál og heilbrigðismál.

### Aðgerð

Að mennta- og barnamálaráðuneyti og einingar íþróttahreyfingarinnar starfi þverfaglega með öðrum ráðuneytum, stofnunum og samtökum, að málum sem lúta að íþróttaiðkun, forvörnum og heilbrigði eftir því sem við á.

### Markmið 5

Íþróttahreyfingin starfi samkvæmt viðmiðum um góða stjórnarhætti.

### Aðgerð

ÍSÍ innleiði og uppfæri eftir því sem við á viðmið fyrir íþróttahreyfinguna um góða stjórnarhætti.

Aftur á forsíðu

# 2

# Íþróttir barna og ungmenna í skólastarfi

Hreyfing er mikilvægur þáttur í lífi og þroska hvers einstaklings. Leik- og grunnskólar landsins eru afar mikilvægir vegna sérstöðu sinnar sem uppeldis- og menntastofnanir í íslensku nútíma samfélagi. Með auknu hlutfalli nemenda á framhaldsskólastigi er enn mikilvægara að nemendur fái fræðslu sem nýtist á fullorðinsárum og auki líkur á virkni og heilbrigðum lífsstíl til framtíðar. Nám í íþróttum innan skólakerfisins leggur áherslu á skipulagða hreyfingu og hreyfiuppeldi sem stuðlar að betri líkamlegri færni, andlegri vellíðan og jákvæðum félagslegum tengslum, auk þess að skapa tækifæri til árangurs í keppnis- og afreksíþróttum.

Nauðsynlegt er að leggja áherslu á  menntun um mikilvægi hreyfingar og forvarna á meðal barna og unglinga á öllum skólastigum, enda hefUr verið sýnt fram á að jákvæð tengsl eru milli íþróttaiðkunar og námsárangurs auk margvíslegra annarra forvarnaáhrifa. Markviss innleiðing hreyfingar í skipulag skóladagsins styður við einbeitingu, vellíðan og námsárangur og því er brýnt að gera íþróttir og almenna hreyfingu að eðlilegum og samþættum hluta í daglegu skólastarfi nemenda á öllum skólastigum.

### Markmið 1

Þekking á íþróttum og hreyfingu verði aukin í leik- grunn- og framhaldsskólum.

### Aðgerðir

1. Almenn áhersla verði lögð á heilsueflingu og/eða íþróttaiðkun í leik-, grunn- og framhaldsskólum í skipulagi skóladagsins.
2. Aukin áhersla verði lögð á eftirlit með að skólar uppfylli skyldur sínar í samræmi við aðalnámskrár.

### Markmið 2

Umhverfi skóla ýti undir íþróttaiðkun og hreyfingu.

### Aðgerðir

1. Skólalóðir verði hannaðar með tilliti til fjölbreyttra möguleika til hreyfingar.
2. Skólar skipuleggi hreyfingu og leiki utandyra daglega.

### Markmið 3

Að samþætta skóla- og íþróttastarf eins og kostur er.

### Aðgerðir

1. Samstarf skóla og íþróttafélaga verði aukið m.a. til þess að börn og ungmenni geti stundað íþróttir um leið og hefðbundnum skóladegi lýkur.
2. Samstarf skóla við íþróttafélög verði aukið til að fjölga tækifærum allra barna til að velja sér íþróttir við hæfi.

### Markmið 4

Hreyfistundir séu eðlilegur hluti af starfsemi leikskóla.

### Aðgerð

Leikskólar skipuleggi markvissa hreyfingu leikskólabarna á hverjum degi auk áherslu á frjálsan leik.



Aftur á forsíðu

3

# Þátttaka barna og ungmenna í íþróttastarfi

Einn af meginstyrkleikum íslensks íþróttalífs er markvisst, faglegt og vel skipulagt íþróttastarf barna og ungmenna. Íþróttir gegna mikilvægu hlutverki í lífi og þroska stórs hluta barna og ungmenna landsins og mikilvægt er að skapa þeim hagstæð skilyrði og jöfn tækifæri til þátttöku í íþróttum. Stefna skal að því að viðhalda öflugri þátttöku barna og ungmenna í íþróttum til 18 ára aldurs hið minnsta og vinna markvisst að því að seinka og minnka brottfall úr íþróttum. Huga þarf sérstaklega að aukinni þátttöku barna og ungmenna í viðkvæmri stöðu, þ.m.t. fötluð börn og börn með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn enda getur íþróttastarf verið árangursrík leið til inngildingar. Einnig þarf að vinna að því að jafna tækifæri allra barna til þátttöku með tilliti til félags- og efnahagslegs bakgrunns og draga úr mögulegum ójöfnuði hvað það varðar. Forvarnargildi skipulagðs íþróttastarfs sem stundað er undir leiðsögn hæfra þjálfara er mikið og tengist iðkun íþrótta farsæld barna mjög sterkum böndum. Nýjar svæðisstöðvar íþróttahéraða munu gegna lykilhlutverki í að efla og samræma íþróttastarf innan landshluta og á landsvísu í samstarfi þeirra á milli.

### Markmið 1

Fjölbreytt framboð íþróttagreina fyrir börn og unglinga.

### Aðgerðir

1. Íþróttafélög og sérsambönd vinna að því að auka fjölbreytni í framboði íþróttagreina.
2. Svæðisstöðvar íþróttahéraða í samstarfi við sveitarfélög vinni með íþróttafélögum að því að tryggja nægilegt framboð íþróttagreina innan viðkomandi svæðis.
3. Sveitarfélög styðji einnig við framboð af íþróttum sem leggja minni áherslu á skipulagða keppni. Með því má koma til móts við einstaklinga sem vilja frekar leggja áherslu á almenna hreyfingu umfram keppni.

### Markmið 2

Efla menntun og þekkingu þjálfara.

### Aðgerð

Íþróttafélög og aðrar einingar íþróttahreyfingarinnar aðstoði þjálfara við að auka hæfni sína og þekkingu.

### Markmið 3

Börnum og ungmennum verði sköpuð jöfn tækifæri til íþróttaiðkunar.

### Aðgerðir

1. Sveitarfélög styðji áfram við íþróttaiðkun barna og unglinga með niðurgreiðslu æfingagjalda.
2. Stjórnvöld og sveitarfélög vinni að því í samstarfi við íþróttasambönd, íþróttafélög og skólasamfélagið að auka þátttöku í íþróttum og hreyfingu.
3. Finna leiðir til þess að koma upplýsingum til fólks með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn og gera þannig íþróttastarfið aðgengilegra.



Aftur á forsíðu

# 3

## Markmið 4

Aukin áhersla verði lögð á fræðslu og útbreiðslu íþrótta.

### Aðgerðir

1. Sérsambönd leggi aukna áherslu á fræðslu og útbreiðslu í sínu starfi í samstarfi við svæðisstöðvar íþróttahéraða og Afreksmiðstöð Íslands.
2. Sveitarfélög stuðli að auknu samstarfi íþróttafélaga og skóla.

## Markmið 5

Efla félagsleg tengsl iðkenda samhliða íþróttaiðkun.

### Aðgerð

Að íþróttaaðstaða verði vettvangur félagslegra tengsla iðkenda og félagsmanna íþróttafélaga.

**„Forvarnargildi skipulagðs íþróttastarfs sem stundað er undir leiðsögn hæfra þjálfara er mikið og tengist iðkun íþrótta farsæld barna mjög sterkum böndum.“**



Aftur á forsíðu

4

„Samhliða er áríðandi að efla rannsóknir og þróun á sviði íþrótta og heilsutengdrar þjálfunar sem nýtast í íþróttastarfinu og samfélaginu öllu.“

# Menntun og rannsóknir

Hlutverk háskólasamfélagsins er að mennta sérfræðinga á viðkomandi fræðasviðum og stuðla að aukinni þekkingarsköpun og framþróun með rannsókna- og vísindastarfi. Háskólasamfélagið er mikilvægur þátttakandi í að auka fagmennsku íþróttakennara, þjálfara, stjórnenda og annarra sem starfa við íþróttir og heilsutengda þjálfun. Samhliða er áríðandi að efla rannsóknir og þróun á sviði íþrótta og heilsutengdrar þjálfunar sem nýtast í íþróttastarfinu og samfélaginu öllu.

## Markmið 1

Samstarf mennta- og barnamálaráðuneytis, íþróttahreyfingar og háskóla um menntun og rannsóknir á sviði íþrótta verði aukið.

### Aðgerðir

1. Mennta- og barnamálaráðuneyti hafi frumkvæði að stofnun samráðsnefndar ráðuneytisins, íþróttahreyfingarinnar og háskóla sem hafi reglulegt samráð þar sem er m.a. farið yfir framboð, gæði og þróun á menntun og rannsóknum á sviði íþrótta.
2. Íþróttahreyfingin í samvinnu við háskóla og eftir atvikum mennta- og barnamálaráðuneyti standi reglulega fyrir ráðstefnum og málþingum þar sem viðfangsefni tengd þróun íþróttastarfs eru til umræðu.
3. Íþróttahreyfingin í samvinnu við háskóla og aðra fagaðila vinni að eflingu íþróttatengdrar menntunar.

## Markmið 2

Framboð og gæði þjálfaramenntunar verði aukið enn frekar.

### Aðgerðir

1. Sérsambönd í samvinnu við háskólaumhverfið og Afreksmiðstöð Íslands vinni að eflingu þjálfaramenntunar í einstökum íþróttagreinum.
2. Fræðsluefni sem notað er til almennrar menntunar þjálfara auk sérefnis fyrir íþróttagreinar og almenningsíþróttir verði gert aðgengilegt.
3. Skapaður verði farvegur fyrir fjárhagslegan stuðning við gerð kennsluefnis.

## Markmið 3

Rannsóknir á sviði íþrótta og íþróttakennslu verði efldar.

### Aðgerðir

1. Sérstakt fjárframlag til íþróttarannsókna verði tryggt.
2. Stuðla að auknum rannsóknum á skólaíþróttum til að mynda á kennsluháttum, aðstöðu og þátttöku.



Aftur á forsíðu

5

# Keppnis- og afreksíþróttir

Miklar breytingar hafa orðið á undanförnum árum hvað varðar íþróttastarf almennt og eflingu afreksíþrótta. Samfélagslegar kröfur um árangur, fjölbreytileika og vöxt íþróttagreina og velgengni íslensks íþróttafólks í alþjóðlegum keppnum hafa kallað á faglegri umgjörð afreksstarfs og aukin fjárframlög. Afreksíþróttafólk eru fyrirmyndir barna og unglinga og hvetja til þátttöku í íþróttum. Með stofnun Afreksmiðstöðvar Íslands skapast betri forsendur til uppbyggingar faglegrar umgjarðar og stuðning við íþróttafólk og þjálfara.

„Afreksíþróttafólk eru fyrirmyndir barna og unglinga og hvetja til þátttöku í íþróttum.“

### Markmið 1

Bæta umgjörð og stuðning við afreksíþróttafólk.

### Aðgerðir

Stutt verði áfram fjárhagslega við afreksstarf sem unnið er á vegum ÍSÍ og sérsambanda og stuðningurinn aukinn í samræmi við umfang afreksstarfsins og kostnað þess.

### Markmið 2

Sérsambönd auki gæði í starfi sínu.

### Aðgerðir

1. Grundvöllur starfsemi sérsambanda ÍSÍ verði styrktur.
2. Sérsambönd vinni markvisst að þróun þjálfaramenntunar og auknu framboði sem nýtist þjálfurum í störfum sínum.
3. Stutt verði markvisst við fremsta afreksíþróttafólk landsins og þjálfara þeirra með faglegum og félagslegum stuðningi og þeim gert betur kleift að stunda íþrótt sína á hæsta afreksstigi án þess að þurfa að hafa áhyggjur af afkomu sinni.

### Markmið 3

Stuðlað verði að jöfnuði iðkenda til þátttöku í afreksstarfi.

### Aðgerð

Ferðasjóður íþrótta-félaga verði efldur. Komið verði betur til móts við kostnað vegna þátttöku í landsliðsverkefnum.

### Markmið 4

Þátttakendur í afreksíþróttastarfi fái nauðsynlegan sveigjanleika til að geta sinnt æfingum og keppni samhliða námi.

### Aðgerð

Afreksmiðstöð Íslands skilgreini í samstarfi við sérsambönd afrekshópa og veiti stuðning og ráðgjöf til einstaklinga og liða sem njóta þjónustu miðstöðvarinnar auk þess að vera í samvinnu við menntastofnanir og starfsfólk þeirra.

Aftur á forsíðu

6

# Almenningsíþróttir

Íþróttaiðkun almennings er einn af lykilþáttum til áhrifa á lífsstíl í átt til heilbrigðara lífernis. Mikilvægt er að tryggja góða og örugga aðstöðu og aðgengi til íþróttaiðkunar almennings og ekki síður að tryggja gott og faglegt framboð af fjölbreyttri hreyfingu sem hægt er að leggja stund á fyrir alla aldurshópa. Tryggja þarf menntun og faglegan stuðning við þjálfara og leiðtoga á vettvangi. Samvinnu margra aðila þarf til þess að efla jákvætt viðhorf til heilsutengdrar þjálfunar.

„Mikilvægt er að tryggja góða og örugga aðstöðu og aðgengi til íþróttaiðkunar almennings og ekki síður að tryggja gott og faglegt framboð af fjölbreyttri hreyfingu sem hægt er að leggja stund á fyrir alla aldurshópa.“

### Markmið

Að auka þátttöku almennings í almenningsíþróttum sem þætti í heilbrigðum lífsstíl.

### Aðgerðir

1. Sveitarfélög í samstarfi við íþróttahreyfinguna vinni að því að fjölga tilboðum og auka aðgengi að íþróttum, hreyfingu og útivist.
2. Sveitar- og íþróttafélög vinni áfram að því að auka aðgengi almennings að íþróttamannvirkjum og að þau þjóni tilgangi sem miðstöðvar lýðheilsu og félagslegra tengsla.
3. Almenningsíþróttaverkefni íþróttahreyfingarinnar sem stuðla að aukinni vitund um gildi íþrótta og hreyfingar og bættu heilbrigði þjóðarinnar verði þróuð enn frekar.
4. Atvinnurekendur og forsvarsmenn launþega verði þátttakendur í að hvetja til heilbrigðs lífsstíls.
5. Við skipulag íþróttaaðstöðu og vinnustaða verði betur tekið mið af og auðveldað notkun virkra ferðamáta, m.a. með viðeigandi geymsluaðstöðu og fullnægjandi aðgengi að hreinlætis- og búningsaðstöðu.



Aftur á forsíðu

7

# Íþróttamannvirki

Sveitarfélög hafa byggt upp langflest þeirra íþróttamannvirkja sem risið hafa undanfarin ár, hvert á sínu svæði. Ríkið hefur í gegnum tíðina stutt við uppbyggingu mannvirkja sem nýtt hafa verið á landsvísu. Unnið er að uppbyggingu þriggja mannvirkja sem hýsa munu alþjóðlegar íþróttakeppnir hér á landi í samstarfi ríkis og Reykjavíkurborgar. Mannvirkin sem um ræðir eru leikvangur fyrir knattspyrnu, frjálsíþróttir og þjóðarhöll fyrir innanhússíþróttir. Mikilvægt er að halda uppbyggingu áfram þar sem þörf er á og einnig að skapa samráðsvettvang ríkis, sveitarfélaga og íþróttahreyfingar til að sú uppbygging verði markviss.

### Markmið 1

Aukið samráð sveitarfélaga á landsvísu um íþróttamannvirki og uppbyggingu þeirra.

### Aðgerðir

Sveitarfélög skoði samstarf við nærliggjandi sveitarfélög um uppbyggingu íþróttamannvirkja þegar um stærri mannvirki er að ræða.

### Markmið 2

Uppbygging íþróttamannvirkja taki meira mið af nýtingu fyrir skóla, íþróttafélög og almenning.

### Aðgerðir

Sveitarfélög og aðrir sem standa að uppbyggingu íþróttamannvirkja yfirfari verkferla svo tryggt sé að tillit sé tekið til sjónarmiða notenda þegar um uppbyggingu íþróttamannvirkja er að ræða.

### Markmið 3

Þau þrjú mannvirki sem ríki og Reykjavíkurborg  vinna að uppbyggingu á og þjóna munu sem þjóðarleikvangar í íþróttum verði tekin í notkun á gildistíma stefnunnar.  .

### Aðgerð

Unnið verði markvisst og í samræmi við samþykktar áætlanir að verkefnunum samkvæmt því fyrirkomulagi sem hentar fyrir hvert þeirra.



Aftur á forsíðu

# 7

„Unnið er að uppbyggingu þriggja mannvirkja sem hýsa munu alþjóðlegar íþróttakeppnir hér á landi í samstarfi ríkis og Reykjavíkurborgar.“

### Markmið 4

Unnið verði að uppbyggingu mannvirkja sem uppfylla alþjóðlegar keppniskröfur og þjónað geta sem þjóðarleikvangar í íþróttum.

### Aðgerð

Komið verði
á fót samráðshópi með fulltrúum íþróttahreyfingar, sveitarfélaga og mennta- og barnamálaráðuneytis.

### Markmið 5

Leita leiða samhliða uppbyggingu mannvirkja sem uppfylla alþjóðlegar keppniskröfur til að efla alþjóðlegt keppnishald hér á landi. .

### Aðgerð

Skapa þarf hvata til að haldnir verði íþróttaviðburðir hér á landi sem styrkja faglega þætti afreksstarfs, auka nýtingu mannvirkja og laða gesti til landsins.

Aftur á forsíðu

8

# Heilindi og öryggi í íþróttum

Samkvæmt íþróttalögum er meginmarkmið aðgerða ríkis og sveitarfélaga að stuðla að því að landsmenn allir eigi þess kost að iðka íþróttir við sem hagstæðust skilyrði. Einnig er tekið fram að velferð og farsæld barna skuli höfð að leiðarljósi í íþróttastarfi með börnum. Samkvæmt íþróttasáttmála Evrópu sem íslensk stjórnvöld hafa undirritað eiga stjórnvöld að grípa til nauðsynlegra aðgerða til að allir fái tækifæri til að taka þátt í íþróttum í öruggu og heilbrigðu umhverfi.

Til samskiptaráðgjafa íþrótta- og æskulýðsstarfs var stofnað með lögum nr. 45/2019. Markmið laganna er að íþrótta- og æskulýðsstarf fari fram í öruggu umhverfi og að allir, óháð kynferði eða stöðu að öðru leyti, geti stundað íþróttir eða æskulýðsstarf og leitað sér aðstoðar eða leitað réttar síns vegna atvika og misgerða sem eiga sér stað án þess að þurfa að óttast afleiðingarnar.

Mennta- og barnamálaráðuneyti og Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands bera sameiginlega ábyrgð á lyfjaeftirliti í íþróttum. Í gildi eru alþjóðlegir samningar um lyfjaeftirlit sem Ísland er aðili að. Alþjóðalyfjaeftirlitsstofnunin (World Anti Doping Agency, WADA) samhæfir lyfjaeftirlitsreglur á heimsvísu og eru stjórnvöld aðilar að WADA í gegnum samning UNESCO.

Stjórnvöld hafa undirritað og staðfest samninga Evrópuráðsins gegn hagræðingu úrslita íþróttakeppna og samning um öryggi og þjónustu á íþróttaleikvöngum. Rík áhersla er lögð á samvinnu bæði innanlands og fjölþjóðlega í báðum samningunum.

„Samkvæmt íþróttalögum er meginmarkmið aðgerða ríkis og sveitarfélaga að stuðla að því að landsmenn allir eigi þess kost að iðka íþróttir við sem hagstæðust skilyrði.“



Aftur á forsíðu

# 8

## Markmið 1

Starfsgrundvöllur Lyfjaeftirlits Íslands sem sér um lyfjaeftirlit og verkefni tengd því í samræmi við alþjóðasamninga sé tryggður.

### Aðgerðir

1. Aukin áhersla verði lögð á fræðslu- og forvarnarstarf og upplýsingagjöf um lyfjaeftirlit.
2. Lyfjaeftirlit geti einnig náð yfir íþróttastarf sem er utan vébanda ÍSÍ.
3. Samstarfi verði komið á milli ráðuneyta og stofnana sem hafa með lyfjamál að gera (lögregla, embætti tollstjóra, dómsmálaráðuneyti, mennta- og barnamálaráðuneyti, heilbrigðisráðuneyti og ÍSÍ).

## Markmið 2

Umhverfi til íþróttaiðkunar verði öruggt og laust við mismunun.

### Aðgerð

Grundvöllur starfsemi samskiptaráðgjafa sé tryggður og vel kynntur svo þátttakendur í íþrótta- og æskulýðsstarfi geti leitað óhikað til hans telji þeir á sér brotið.

## Markmið 3

Markvisst verði unnið gegn hagræðingu úrslita íþróttakappleikja.

### Aðgerðir

1. Samráðsvettvangur gegn hagræðingu úrslita íþróttakeppna verði áfram starfræktur og honum gert kleift að rækta skyldur sínar.
2. Lyfjaeftirlit Íslands sinni fræðslu og forvarnarstarfi tengdu málaflokknum.



Aftur á forsíðu

# Um íþróttastefnuna

**Þessi íþróttastefna er uppfærsla á Stefnumótun ráðuneytis íþrótta sem gefin var út árið 2019.**

**Gildistími hennar er til ársins 2030 og er gert ráð fyrir að þá fari fram stöðumat.**

**Mennta- og barnamálaráðuneytið, íþróttahreyfingin og sveitarfélög standa að baki stefnunni.**

**Útgefandi:**

Mennta- og barnamálaráðuneytið
Íþróttastefna
Apríl 2026
mrn@mrn.is
www.mrn.is

**Ljósmyndir:** ÍSÍ og UMFÍ

Aftur á forsíðu